

3. gr.

Við 52. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sökunautur, sem gerð hefur verið sekt, getur ekki krafið aðra um endurgreiðslu eða bætur vegna greiðslu sektarinnar.

4. gr.

Við 53. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976, bætist nýr málslíður er orðast svo: Nú er lögaðila gerð sekt og er vararefsing þá eigi ákveðin.

5. gr.

Við 4. mgr. 82. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1998, bætast tveir nýir málslíðir er orðast svo: Nú rofnar fyrningarfrestur gagnvart fyrirvarsmanni lögaðila, starfsmanni hans eða öðrum á hans vegum og rofnar þá fyrningarfrestur jafnframt gagnvart lögaðilanum. Rof fyrningarfrests gagnvart lögaðila leiðir ekki til rofs á fyrningarfresti gagnvart fyrirvarsmanni, starfsmanni eða öðrum á vegum lögaðilans.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á lögum um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36 8. september 1931.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Þjónandi prestar og prófastar skulu fá greiddan rekstrarkostnað embætta sinna frá biskupsstofu samkvæmt reglum sem kirkjuþing setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.